

**FRÁSÖGN**

*af fundum Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn 26.–27. janúar 2020*

Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu fundinn þau Silja Dögg Gunnarsdóttir formaður, Oddný G. Harðardóttir varaformaður, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Steinunn Þóra Árnadóttir, Anna Kolbrún Árnadóttir, Guðmundur Ingi Kristinsson og Brynjar Níelsson sem varamaður fyrir Vilhjálmm Árnason, auk Helga Þorsteinssonar ritara. Janúarfundur Norðurlandaráðs voru að þessu sinni haldnir á Radisson Scandinavia-hótelinu í Kaupmannahöfn.

Í tengslum við fundi Norðurlandaráðs stóð danska þingið fyrir málþingi í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá að Danmörk endurheimti Suðurjótland frá Þjóðverjum árið 1920. Titill málþingsins var „Norðurlönd milli Napóleons, Bismarcks, NATÓ og ESB“. Þar reyndu sagnfræðingarnair Bo Lidegaard frá Danmörku og Morten Ottosen og Ruth Hemstad frá Noregi að svara spurningunni hvers vegna ekki hefði tekist að sameina Norðurlönd á tímabilinu frá ósigri Dana í Slésvíkurstriðinu 1864 til ársins 1920 með sama hætti og Þýskaland og Ítalíu.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, forseti Norðurlandaráðs árið 2020, stýrði fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs í fyrsta sinn. Á fundinum var samþykkt tillaga frá flokkahópi miðjumanna um að beina tilmælum til Norræna ráðuherranefndarinnar um að koma á norrænu reikisamstarfi þannig að gjaldfrjáls reikiþjónusta, sem flestir Norðurlandabúar njóta nú þegar á grundvelli ESB-reglna, nái einnig til Færeyinga og Grænlandinga sem standa utan ESB. Samþykkt var tillaga landsdeildar Íslands fyrir þema vörþings Norðurlandaráðs sem haldið verður í Helsinki í lok mars. Þemað verður „Villandi upplýsingar ógn við norræna líkanið: Hvernig stöndum við vörð um lýðræðið og berjumst gegn upplýsingaóreiðu og falsfréttum sem grafa undan því? “

Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, kom á fund forsætisnefndar til að segja frá skýrslu um aukið norrænt samstarf á sviði utanríkis- og öryggismála sem hann vinnur að fyrir utanríkisráðherra Norðurlanda. Ráðgert er að hún verði tilbúin um mitt ár 2020. Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, skrifaði skýrslu um sama efni árið 2009 sem markaði tímamót í samstarfi landanna á þessum sviðum. Björn sagði að sem fulltrúi herlauss lands myndi hann leggja minni áherslu á hernaðarmál en Stoltenberg gerði í sinni skýrslu. Í erindisbréfi utanríkisráðherranna til Björns er honum meðal annars falið að fjalla um netógnir og fjölþátta ógnir. Silja Dögg Gunnarsdóttir sagði að beðið væri með eftirvæntingu eftir niðurstöðum Björns enda hefði margt breyst í heiminum síðan fyrri skýrslan kom út árið 2009. Í máli forsætisnefndarmanna komu fram ýmis sjónarmið um markmið og áherslur við gerð skýrslunnar. Sumir þingmannanna vildu að lögð yrði meiri áhersla á hernaðarlega hlið mála. Steinunn Þóra Árnadóttir nefndi að einnig þyrfti að huga að áhrifum loftslagsbreytinga á öryggismál og að skoða hvernig hættur og ógnir hafa mismunandi áhrif á ólíka hópa, til dæmis karla annars vegar og konur hins vegar og mismunandi aldurshópa. Einnig var bent á að hafa þyrfti Grænlandinga og Færeyinga með í ráðum, huga vel að málefnum norðurslóða, skoða umhverfisáhrif hernaðarumsvifa, hlutverk þróunaraðstoðar í öryggismálum o.s.frv.

Töluverð umræða varð á fundi forsætisnefndar um fjárhagsmálefni Norðurlandaráðs, Norrænu ráðherranefndarinnar og Norræna menningarsjóðsins. Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar sinnir bókhaldsþjónustu fyrir allar þrjár stofnanir. Erfiðleikar hafa komið upp við innleiðingu nýs bókhaldskerfis og jafnframt uppgötvaði danska ríkisendurskoðunin galla í eldra bókhaldskerfi sem leiddu til þess að fara þyrfti handvirkt yfir þúsundir reikninga til að

tryggja að allt væri í lagi. Jafnframt hefur tafist að greiða ýmsa reikninga. Ákveðið var að samþykkja ársreikninga Norðurlandaráðs fyrir árið 2018 með fyrirvara um að engir verulegir misbrestir kæmu i ljós við yfirstandandi endurskoðun á inn- og útgreiðslum. Jafnframt var samþykkt tillaga Oddnýjar G. Harðardóttur, sem talaði fyrir hönd flokkahóps jafnaðarmanna, um að ábyrgð vegna ársreikninganna yrði ekki aflétt af stofnununum fyrr en lokaskýrsla væri komin frá dönsku ríkisendurskoðuninni.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu [www.norden.org](http://www.norden.org).